

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Endurskoðað deiliskipulag í Naustahverfi, reit 28 og Naustagötu.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 2. október 2007 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt ofangreint deiliskipulag.

Deiliskipulagið nær yfir reit á brekkubrúnni sunnan kirkjugarðs, milli Miðhúsabrautar og Naustabæja. Um svæðið liggur Naustabraut til suðurs frá hringtorgi á Miðhúsabraut. Vestur af henni liggur Naustagata. Ofan fyrrnefndu götunnar er gert ráð fyrir 6 nýjum lóðum fyrir einbýlishús en fyrir er eitt einbýlishús. Meginhluti reitsins liggur neðan Naustabrautar og er þar gert ráð fyrir 23 einbýlishúsalóðum og einni raðhúsalóð.

Með gildistöku skipulagsins fellur eldra skipulag af sama svæði úr gildi.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Giljahverfis, 4. áfanga vegna Vesturgils 5.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 18. september 2007 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt ofangreint deiliskipulag.

Breytingin felur í sér að nýtingarhlutfall lóðarinnar Vesturgils 5 er hækkað úr 0,35 í 0,378. Engin breyting er gerð á gildandi deiliskipulagsupprætti né skilmálum þar sem þessi breyting á nýtingarhlutfalli á eingöngu við eina lóð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 26. október 2007,

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. nóvember 2007